

EFTIRLITSSKÝRSLA

Mýrdalshreppur við Uxafótarlæk



Dags eftirlits	5.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Mýrdalshreppur	Eftirlitsmaður	
Heimili	Austurvegi 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4612830399	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þorbjörg Gísladóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	501748,175 324486,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik er varða skráningar og skil á skráningum fyrir árið 2020. Útistandandi eru þrjú frávik frá eftirliti 2019 er varða skil á skráningum fyrir árið 2018, viðbragðsáætlun og takmörkun aðgangs.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Skoðunarferð

Farið var yfir umfang starfseminnar með fulltrúa rekstraraðila. Urðunarstaðurinn er tvískiptur, sunnan vegar er urðuð seyra og norðan vegar er urðaður óvirkur úrgangur. Fram kom í eftirliti að úrgangurinn kemur mestmegnis frá starfsemi sveitarfélagsins. Við skoðun á magntölum úrgangs fyrir árið 2020, sem rekstraraðili skilar til Umhverfisstofnunar, er eingöngu skráð magn seyru sem komið hefur inn á urðunarstaðinn. Rekstraraðila er bent á að skrá þarf allan úrgang sem kemur inn á urðunarstaðinn, sbr. gr. 2. mgr. gr. 4.1 í starfsleyfi, einnig þann sem kemur inn á nyrðri hluta hans.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Lítil breyting hefur orðið frá síðasta eftirliti, fyrir utan að bæst hefur við eitthvað af úrgangi – aðallega uppgreftri úr sveitarfélaginu. Í eftirliti 2020 lá girðing niðri að hluta og efnishaugar voru í geymslu á urðunarstaðnum, í eftirliti nú var staðan óbreytt. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa rekstraraðila er hliðið allajafna opið.

Útistandandi eru þrjú frávik frá eftirliti 2019 er varða skil á skráningum fyrir árið 2018, viðbragðsáætlun og takmörkun aðgangs vegna opins hliðs. Rekstraraðili sendi inn til eftirlitsaðila úrbótaáætlun vegna þessa 22. nóvember 2019 og 5. janúar 2021 – úrbætur hafa ekki gengið eftir.

Frávik frá	Lýsing á frávikum
gr. 2.1 í starfsleyfi, sbr. 7. tl. I. viðauka við rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs	Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, bæði svæðin girt með girðingum sem hindra aðgang og ólöglega losun úrgangs. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingum. Girðing liggur niðri og hlið er allajafna opið.
gr. 5.1 í starfsleyfi, sbr. 22. gr. rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs	Skrá skal allar upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í gr. 5.1 og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Skráningar er varða tl. 2-3 í gr. 5.1 voru ekki til staðar við eftirlit.
gr. 5.3 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2020 hafa ekki borist eftirlitsaðila.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að skrá þarf allan úrgang sem kemur inn á urðunarstaðinn, einnig þann sem kemur inn á nyrðri hluta hans, sbr. 2. mgr. gr. 4.1 í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2021



Sigríður Magnúsdóttir

